

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 20. maí 1997

um sameiginlega tækniforskrift að grunntengingu við samevrópska ISDN-samnetið(*)

(97/346/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/263/EBE frá 29. apríl 1991 um samhæfingu laga aðildarríkjanna um notendabúnað til fjarskipta ásamt gagnkvæmri viðurkenningu á samræmi ⁽¹⁾, eins og henni var breytt með tilskipun 93/68/EBE ⁽²⁾, einkum öðrum undirlið 2. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ákvæði um það fyrir hvaða gerð endabúnaðar sameiginleg tækniforskrift skuli gilda, svo og tilheyrandi yfirlýsingu um gildissvið.

Samþykjka ber samsvarandi samhæfða staðla, eða hluta þeirra, til framkvæmdar grunnkröfunum sem breyta á í sameiginlegar tækniforskriftir.

Í sumum aðildarríkjum kann að koma í ljós að innlend uppsetning ISDN-samnetsins sé ósamrýmanleg EURO-ISDN-endabúnaði. Slík afbrigði þarf ekki að gerðarviðurkenna. Viðkomandi innlend yfirvöld skulu bera kennsl á öll slík innlend afbrigði og veita almenningi upplýsingar um þau.

Til að tryggja órofinn aðgang að mörkuðum fyrir framleiðendur, sem nú þjóna einum eða fleiri innlendum mörkuðum, er nauðsynlegt að setja bráðabirgðaákvæði varðandi búnað sem er viðurkenndur samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/797/EB ⁽³⁾.

Fella ber ákvörðun 94/797/EB úr gildi að aðlögunartímabilinu loknu.

Sameiginlega tækniforskriftin, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, er í samræmi við álit samþykkisnefndar endabúnaðar (ACTE).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr:

1. Þessi ákvörðun gildir um endabúnað sem er ætlaður til að tengja við almennt fjarskiptanet og fellur undir gildissvið samhæfða staðalsins sem um getur í 1. mgr. 2. gr.

2. Með þessari ákvörðun er mælt fyrir um sameiginlega tækniforskrift að kröfum varðandi tæknilega eiginleika, rafræna og vélræna skilfleti og aðgangsaðferðarlýsingu, sem á að gilda fyrir endabúnað sem hægt er að tengja og, samkvæmt upplýsingum framleiðanda eða fulltrúa hans, er gert ráð fyrir að tengist T-viðmiðunarpunkti, eða samliggjandi S- og T-viðmiðunarpunkti, fyrir grunntengingu við skilflöt að almennu fjarskiptaneti, nánar tiltekið samevrópskum ISDN (EURO-ISDN) grunntengingarpunkti.

2. gr:

1. Sameiginlega tækniforskriftin tekur til samhæfða staðalsins sem hlutaðeigandi staðlastofnun hefur samið til framkvæmdar grunnkröfunum sem um getur í c-, d- og f-lið 4. gr. tilskipunar 91/263/EBE, að því marki sem við á. Tilvísun í staðalinn er tilgreind í I. viðauka og þeir hlutar staðalsins sem gilda ekki eru taldir upp í II. viðauka við þessa ákvörðun.

2. Endabúnaður, sem fellur undir gildissvið þessarar ákvörðunar, skal vera í samræmi við sameiginlegu tækniforskriftina sem um getur í 1. mgr., uppfylla grunnkröfurnar sem um getur í a- og b-lið 4. gr. tilskipunar 91/263/EBE og uppfylla kröfur allra annarra tilskipana sem gilda um búnaðinn, einkum tilskipana ráðsins 73/23/EBE ⁽⁴⁾ og 89/336/EBE ⁽⁵⁾.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 148, 6.6.1997, bls. 19, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 117/98 frá 18. desember 1998 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 128, 23. 5. 1991, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 220, 31. 8. 1993, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 329, 20. 12. 1994, bls. 14.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 77, 26. 3. 1973, bls. 29.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB nr. L 139, 23. 5. 1989, bls. 19.

3. gr.

Tilkynntir aðilar, sem eru tilnefndir til að koma í framkvæmd málsmeðferð, sem um getur í 9. gr. tilskipunar 91/263/EBE, skulu, að því er varðar endabúnað sem 1. mgr 1. gr. þessarar ákvörðunar gildir um, beita samhæfða staðlinum, sem um getur í 1. mgr. 2. gr., eigi síðar en einu ári eftir að tilkynnt er um þessa ákvörðun, eða sjá til þess að honum sé beitt.

4. gr.

1. Fella ber ákvörðun 94/797/EB úr gildi einu ári eftir að tilkynnt er um þessa ákvörðun.

2. Halda má áfram að setja á markað og taka í notkun endabúnað, sem er viðurkenndur samkvæmt ákvörðun 94/797/EB, að því tilskildu að slík viðurkenning sé veitt eigi síðar en einu ári eftir að tilkynnt er um þessa ákvörðun.

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. maí 1997.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Martin BANGEMANN

framkvæmdastjóri.

*I. VIÐAUKI***TILVÍSUN Í GILDANDI SAMHÆFÐAN STAÐAL**

Samhæfði staðallinn, sem vísað er til í 2. gr. ákvörðunarinnar, er:

TBR 3

Stafrænt samþætt þjónustunet (ISDN)

Tengikröfur vegna endabúnaðar sem tengja á við ISDN-samnetið með því að nota ISDN-grunttengingu

ETSI

Fjaraskiptastaðlastofnun Evrópu

Aðalskrifstofa ETSI

TBR 3 - nóvember 1995

(að undanskildum formála)

Unnt er að fá orðréttan texta framangreinds samhæfðs staðals með því að snúa sér til:

Frankvæmdastjórnar Evrópubandalaganna
DG XIII/A/2 - (BU 31, 1/7)
Rue de la Loi/Wetstraat 200
B-1049 Brussel

II. VIÐAUKI

ÞEIR HLUTAR SAMHÆFÐA STAÐALSINS SEM GILDA EKKI

Liður 9.4.2.3.1. **Activation/deactivation procedures for TEs**

Specifications of the procedures

Tafla 9.7

Krafan um að senda MPH-II(d), sem er tilgreind í línunni „*Disappearance of PSI for at least 500 ms*“, gildir ekki.

Krafan um að senda PH-DI, sem er tilgreind í línunni „*Expiry T3*“ og dálki með fyrirspurninni „*Synchronized*“, gildir ekki.

Tafla 9.8

Krafan um að senda MPH-II(d), sem er tilgreind í línunni „*Loss of power*“, gildir ekki.

Krafan, sem er tilgreind í línunni „*Detect PSI*“, gildir ekki.

Krafan um að senda PH-DI, sem er tilgreind í línunni „*Expiry T3*“ og dálki með fyrirspurninni „*Synchronized*“, gildir ekki

Tafla 9.9

gildir ekki. Í stað hennar skal nota töflu 9.8, eins og henni er breytt hér að framan.

Liður 9.5.5.1.4. **Protection against PSI interruption**

Þessi krafa gildir ekki.

Liður 10.5.4.2. **Conditions for TEI removal**

Krafan gildir ekki við eftirfarandi aðstæður: „*on receipt of an MPH-Information indication (disconnect) primitive*“.

Liður 10.5.5.3. **Expiry of timer T202**

Þessi krafa gildir ekki.

Liður 10.6.1. **Establishment of multiple frame operation**10.6.1.1. **General**

Krafan við lok annarrar málsgreinar „*All frames other than unnumbered frame formats received during the establishment procedures shall be ignored*“ gildir ekki.

Liður 11.4.2.2.2. **Address checking**

Þessi krafa gildir ekki.

Liður 11.4.6.5.1. **Mandatory information element missing**

Krafan í málsgreininni, sem hefst á „*When a message other than SET UP, DISCONNECT...*“ og endar á „*...element is missing*“, gildir ekki.

Krafan í málsgreininni, sem hefst á „*Other actions taken...*“ og endar á „*...had been received*“, gildir ekki.

Krafan í málsgreininni, sem hefst á „*When a RELEASE message...*“ og endar á „*...was received (see subclause 11.4.3.)*“, gildir ekki.

Krafan í málsgreininni, sem hefst á „*When a DISCONNECT message...*“ og endar á „*was received (see subclause 11.4.3.)*“, gildir ekki.

Krafan í málsgreininni, sem hefst á „*When a RELEASE COMPLETE message...*“ og endar á „*...normal, unspecified.*“, gildir ekki.

Athugasemdin í lok síðustu málsgreinar gildir ekki.

Liður 11.4.6.5.2. **Mandatory information element content error**

Þessi krafa gildir ekki.

Liður 11.4.6.6.1. **Unrecognized information element**

Eftirfarandi kröfur, sem eru tilgreindar í næstsiðustu grein, gilda ekki:

- a) *when a DISCONNECT message is received which has one or more unrecognized information elements, a RELEASE message shall be returned,*
- c) *when a RELEASE COMPLETE message is received which has one or more unrecognized information elements, no action shall be taken on the unrecognized information.*

—————